

Kaupir borgin Lífshlaupið?

Viðræður standa yfir

FUNDUR um hugsanleg kaup Reykjavíkurborgar á listaverkinu Lífshlaup Kjarvals var haldinn í gær og ræddi Björn Friðfinnsson, fjármálastjóri borgarinnar, við Guðmund Axelsson í Klausturhólum um málið. Þetta er í annað skipti sem þeir hittast vegna þessa, og verður þriðji fundur þeirra í dag, miðvikudag.

Í samtali við Morgunblaðið sagði Guðmundur Axelsson málin yrðu að skýrast í þessari viku, vegna þess að frestur til að svara tilboði því, sem hann hefði fengið í verkið frá Danmörku, rynni út þann 1. október næstkomandi. Guðmundur kvaðst ekki hafa fengið fleiri tilboð í verkið en það danska, en sagði þó að Þorvaldur Guðmundsson í Síld og fisk hefði verið að hugsa um að gera tilboð, en að öllum líkindum væri hann

fallinn frá því. Að öðru leyti varðist Guðmundur allra fréttu.

Björn Friðfinnsson vildi sem minnst um málið segja í gærkvöldi og benti á að ómögulegt væri að ná nokkrum samningum, ættu þeir að fara fram í blöðum. Aðspurður sagði hann að tilboð yrði gert, teldu menn kost á því. Borgin hefði fullan hug á að kaupa listaverkið, en annað mál væri hvort hún gæti það.

Borgarráð:

Tillaga um skipun nefndar til kaupa á Lífshlaupinu

Á FUNDI borgarráðs, sem haldinn var í gær, lagði Sjófn Sigurbjörnsdóttir borgarfulltrúi fram tillögu um að borgarráð skipi 3ja manna nefnd til að annast kaup borgarinnar á listaverkinu „Lífshlaup Kjarvals“. Jafnframt eigi fjármálastjóri borgarinnar að annast kaupin. Tillögu Sjafnar var frestað.

Í rökstuðningi með tillögunni segir, að ekki megi til þess koma að borgin sjái á bak listaverkinu til útlanda, til þess eins að greiða fyrir það margfalt verð síðar.

Guðrún Helgadóttir lagði fram bókun vegna þessa máls og þar segir að hún lýsi eindregnum vilja sínum til að Kjarvalsstaðir eignist umrætt listaverk.

Almennur fundur um skólamálin í Kópavogi:

Framtíð Þinghólsskóla og hugsanleg stofnun fjölbrauta

ALMENNUR fundur um skólamálin í Kópavogi verður haldinn í dag kl. 20.30 í Þinghólsskóla. Fundarboðendur eru foreldrafélög Þinghólsskóla og Kársnesskóla og Kennarafélög Þinghólsskóla og Vighólaskóla.

Tvö mál verða á dagskrá. Rædd verður tillaga sem nú

liggur fyrir bæjarstjórn Kópavogs, þess efnis að Menntaskólinn í Kópavogi flytjist í Þinghólsskóla en nemendur grunnskólans þar flytjist í aðra skóla bæjarins. Verður á fundinum leitað andsvara við þessari tillögu.


Þá verður fjallað um framtíð Menntaskólans í Kópavogi, en hugmyndir hafa komið fram um að hann verði lagður niður í núverandi mynd en í hans stað komi samræmdur framhaldsskóli, þ.e. fjölbrautaskóli. Verður þetta mál reifað á fundinum og kann að hvert viðhorf fundargestir hafa til þess.

Sjá nánar frétt og viðtöl á bls. 19.

Oliufélagið hf.:

Magnús Gunnarsson ráðinn aðstoðarframkvæmdastjóri

MAGNÚS Gunnarsson, viðskiptafræðingur, hefur verið



ráðinn aðstoðarframkvæmdastjóri við Oliufélagið hf., og tekur hann við þessu starfi 1. febrúar nk.

Magnús er 35 ára, lauk stúdentsprófi frá Verzlunarskóla Íslands 1967 og prófi í viðskiptafræðum frá Háskóla Íslands 1971. Hann hefur starfað sem kennari í Verzlunarskólanum, var um tíma skrifstofustjóri hjá Sölu-sambandi íslenskra fiskframleiðenda, framkvæmdastjóri Hafskips hf. og framkvæmdastjóri Arnarflugs frá stofnun þess, 1976, til 1. september sl.

Kona Magnúsar er Gunnhildur Gunnarsdóttir, snyrtisérfræðingur, og eiga þau tvö börn.

Jóhann Hjartarson unglíngameistari

JÓHANN Hjartarson varð í gærkvöldi Unglíngameistari Íslands í skák. Teft var í húsi Taflfélags Reykjavíkur við Grensásveg og voru þátttakendur 40 talsins, 20 ára og yngri. Að sögn forystumanna í skákhreyfingunni er þetta unglíngamót eitt hið allra sterkasta sem haldið hefur verið.

Jóhann hlaut 6½ vinning af 7 mögulegum. Í öðru sæti varð Róbert Harðarson með 5½ vinning, 3. Arnór Björnsson með 5 v., 4. Agúst Sindri Karlsson með 5 v., 5. Karl Þorsteins með 5 v., 6. Elvar Guðmundsson með 5 v. og 7. Gunnar Freyr Rúnarsson sómuleiðis með 5 vinninga. Allir

eru þessir skákmenn í Taflfélagi Reykjavíkur utan Ágúst Sindri, sem er í Skákfélagi Hafnarfjarðar.

Jóhann Hjartarson hlýtur í verðlaun ferð á sterkt skákmót erlendis, en óráðið er hvert. Unglíngameistaramótið fór í alla staði óaðfinnanlega fram.

Vöruúrval — Úrvalsörur

75 ára
Ó. Johnson & Kaaber h.f.
1906-1981

OXFORD
KIWI
Fay
King Oscar
WIPAK Hospital Supplies
Haco swiss
PALACIO DE ORIENTE
Sani crepe
Probel
Melrose's TEA BAGS
ICELAND WATERS
atco
Rena KONSERVEN N.V.
MUSTAD
ika
AJAX
Dunhill
Mills
CHIVERS
Heinz
Vilko
RITZ
Manhattan MARK SINCE 1857
HERSHEY'S
Lepper
SPILLERS
Pillsbury's BEST XXXX
QUAKER
Durkee
Ban
BEREC
W.M.
DURALINE Super Vitrified
DALE

AS ALFRED BENZON COPENHAGEN-DENMARK

Anthony Berg thin spaghetti BUITONI ITALY

Ó. Johnson & Kaaber hf.